



Söngfélag Ísfirðinga 1890–1915

Síðla árs 1890 var stofnað söngfélag á Ísafirði, Söngfélag Ísfirðinga: „Forystumaður þess lengst af og fyrsti kennari og söngstjóri var Árni Sveinsson kaupmaður, sem hóf æfingar af kappi og var fyrsta söngskemmtunin haldin tveim mánuðum eftir stofnun og hermir ísfirzka blaðið Þjóðviljinn, að sungin hafi verið ýmis íslensk kvæði, en á milli hafi verið leikið á hljóðfæri. En 1897 um haustið beitir Árni Sveinsson sér fyrir því, að Jón Laxdal verzlunarstjóri er beðinn að taka að sér söngstjórnina, sem fellst á það með því skilyrði, að félagar sækji æfingar reglulega og stundvíslega. Jón tónskáld gegnir söngstjórn til hausts 1904, er hann færir undan að kenna söng í félaginu þann vetur sökum anna. Þá var leit að til annarra, en árangurslaust. Lagðist regluleg starfsemi niður og var svo um langa hríð. En mörgum árum síðar boðaði formaðurinn, Árni Sveinsson, til fundar vegna þess, að hann var að flytjast burt úr bænum. Á þeim fundi átti að ráðstafa eignum félagsins og taka afstöðu til sérkennilegrar bóna, sem borizt hefði, þess efnis, að félagið legði fram fjárstyrk til vegagerðar í Tunguskóg. Ekki gátu félagar orðið við þeirri beiðni. Hins vegar var samþykkt að veita söngskóla Jónasar Tómassonar 50 króna styrk, hornaflokknum 100 krónur, en afgangurinn af eign félagsins skyldi renna til eflingar sönglistar í bænum, og það reyndust vera kr. 246.22, sem þá voru eftir af innistæðunni í Íslandsbanka. Kjarninn úr Söngfélagi Ísfirðinga varð síðar aðaluppistaða í Karlakór Ísfirðinga, sem stofnaður var ekki löngu síðar.“ (*Tíminn* 30. janúar 1966, bls. 8).

205/40: Fundargjörðabók Söngfélags Ísfirðinga 1. nóv 1896 –19. júlí 1915.

206/40: Reikningsbók Söngfélags Ísfirðinga 1890–1903. 116 skrifaðar síður. Meðfylgjandi 11 laus blöð; reikningar Söngfélagsins 1896–1904, fylgiskjöl ofl.